

## Samþykkt um eflingu samstarfs aðildarfélaga KÍ

5. þing KÍ haldið 6. - 8. apríl 2011 hvetur aðildarfélögin til að efla samstarf sín á milli til að nýta sem best hagkvæmni og kosti stærðarinnar á ýmsum sviðum. Þingið lýsir yfir ánægju sinni með þær tillögur sem starfshópur á vegum stjórnar KÍ vann upp úr samþykkt 4. þings KÍ um aukið samstarf aðildarfélaganna. Þingið hvetur til að tillögur starfshópsins verði hafðar til hliðsjónar við útfærslu á samstarfi félaga KÍ.

*Greinargerð:*

Fjórða þing KÍ árið 2008 samþykkti eftirfarandi ályktun um eflingu samstarfs aðildarfélaganna:

***„Ályktun um eflingu samstarfs aðildarfélaganna***

*Fjórða þing KÍ haldið í Reykjavík dagana 9. til 11. apríl 2008 hvetur aðildarfélögin til að efla eftir því sem kostur er samstarf sín á milli. Þingið bendir í því sambandi á hagkvæmni þess að skipuleggja í sameiningu ráðstefnur og námskeið um mál er varða réttindi og skyldur félagsmanna svo sem um lífeyrismál, veikindarétt, fæðingarorlof, tryggingar og fleira. Þingið fagnar þeim skrefum sem aðildarfélögin hafa stigið í þá átt að halda aðalfundi og ársfundi á sama stað og á sama tíma og nýta með því hagkvæmni stærðarinnar. Þingið hvetur til áframhalds á þeirri braut.“*

Starfshópur á vegum stjórnar KÍ vann upp tillögur á grundvelli þessarar þingsamþykktar um aukið samstarf félaganna á ýmsum sviðum, sjá meðfylgjandi fylgiskjal. Kynnti starfshópurinn tillögurnar á ársfundi KÍ 2009. Á grundvelli þeirra hefur ýmis konar sameiginlegt starf verið skipulagt sem hefur mælst vel fyrir.